

3.4	Álestrargjald. Gjald vegna aukaálestrar hjá notanda	1.050 kr.
3.5	Innheimtugjald. Innheimtugjald vegna vanskila notanda Gjald vegna stöðvunar orkuafhendingar	799 kr. 1.200 kr.

Gjaldskrá þessi (B-HLUTI: Raforkugjöld og önnur gjöld) staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15/1923 og orkulögum nr. 58/1967, sbr. reglugerð Rafmagnsveitu Reykjavíkur nr. 451/1977, með síðari breytingum, til að öðlast gildi 7. janúar 1994 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 466, 22. desember 1992 með áorðnum breytingum.

Iðnaðarráðuneytið, 10. janúar 1994.

F. h. r.

Þorkell Helgason.

Steinunn Bjarmann.

AUGLÝSING

um fjárhæð gjalds vegna stöðvunarbrota.

Með vísun til 5. mgr. 108. gr. umferðarlaga, nr. 50 30. mars 1987, hefur ráðuneytið staðfest samþykktir hlutaðeigandi sveitarstjórna um að gjald vegna brota á reglum um notkun stöðureita í Reykjavík og á Akureyri, sbr. f-lið 1. mgr. 108. gr. umferðarlaga, skuli vera 850 krónur.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

Jafnframt fellur úr gildi 2. másl. 1. mgr. auglýsingar um fjárhæð gjalds vegna stöðvunarbrota, nr. 317 3. ágúst 1993.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 11. janúar 1994.

Þorsteinn Pálsson.

Ólafur W. Stefánsson.